

- 72** góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða vegna nauðsynjafyrirtækja,
7. ágúst sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna þær í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumúl.

11. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld eldri samþykkt um sama efni.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og lög nr. 12, 7. maí 1928, til þess að öðlast þegar gildi og hirtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. ágúst 1930.

Í fjarveru ráðherra.

Vigfús Einarsson.

Jón Gunnlaugsson.

73

15. ágúst

REGLUGERÐ

um

**viðauka við hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað
frá 18. júlí 1928.**

1. gr.

Nú hafa bryggjur brotnað, og er þá bryggjueiganda skylt, ef hann ætlar að byggja upp bryggjuna, að byggja hana svo trausta, að hafnarnefnd telji hana hæfa. Að öðrum kosti ber eiganda að taka burt allar eftirstöðvar af bryggjunni, draga upp alla staura og hreinsa til, svo að engin hætta geti stafað af brotum á bryggjusvæðinu. Sé þetta ekki gert innan hæfilegs frests, er hafnarnefnd ákveður, er henni heimilt að láta gera það á kostnað eiganda, og má taka þann kostnað lögtaki. Hafnarnefndin getur og krafizt þess, að allar þryggjur séu gerðar á þann hátt, að hætta geti ekki af þeim stafað, t. d. getur hún heimtað, að þiljur á bryggjum séu gerðar í flekum, er taka megí af

þegar þörf gerist. Bryggjueigandi ber alla ábyrgð á skaða þeim, sem brot úr bryggju hans kunna að valda á eignum annara manna.

73
15. ágúst

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, er hérmeð staðfest samkvæmt lögum nr. 64, 3. nóv. 1915, sbr. lög nr. 76, 14. nóvember 1917, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. ágúst 1930.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Jón Gunnlaugsson.

FUNDARSKÖP

74
18. ágúst

fyrir

bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar skipa 9 bæjarfulltrúar og 9 varabæjarfulltrúar, auk bæjarstjóra. Varafulltrúar taka sæti bæjarfulltrúa eftir reglum, er Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Bæjarstjóri hefir ekki atkvæðisrétt á fundum, nema því aðeins að hann sé einnig bæjarfulltrúi, en þó hefir hann óbundið málfrelsi og tillögurétt í bæjarstjórn.

2. gr.

Fjórða hvert ár, þegar reglulegar bæjarstjórnarkosningar eru um garð gengnar, kys bæjarstjórn sér forseta og varaforseta úr flokki bæjarfulltrúanna. Forseti stjórnar fundum, og sér um að allt fari fram skipulega og í góðri reglu, og eru bæjarfulltrúarnir og bæjarstjóri skyldir til að hlíta úrskurði hans um allt, er snertir fundarsköp. Hann sér og um, að gerðir bæjarstjórnar séu rétt og skipulega ritaðar í gerðabókina.

Í forföllum forseta gegnir varaforseti störfum hans.